151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar regluverks.

Frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

I. KAFLI
Breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

43. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sá sem hefur við gildistöku laga þessara lokið hluta prófs til viðurkenningar bókara skal eiga þess kost að ljúka prófi samkvæmt reglum um próf til viðurkenningar bókara fyrir 1. janúar 2023. Ráðherra skipar án tilnefningar þrjá menn í prófnefnd sem skal sjá undirbúnings og framkvæmd prófa samkvæmt ákvæði þessu. Kostnaður við prófin, þ.m.t. þóknun prófnefndarmanna, greiðist með próftökugjaldi sem ráðherra ákveður. Prófnefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. janúar 2023.

II. KAFLI
Breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

3. gr.

4. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

II. kafli laganna fellur brott.

III. KAFLI
Breyting á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum.

5. gr.

8. og 9. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um vörumerki, nr. 45/1997, með síðari breytingum.

6. gr.

9. tölul. 1. mgr. 32. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

1. 1. mgr. orðast svo:
   Fasteignasali getur ráðið sig til starfa hjá öðrum fasteignasala eða félagi sem rekur fasteignasölu samkvæmt lögum þessum. Reki félag fasteignasölu skal sala fasteigna vera megintilgangur félagsins og koma fram í samþykktum þess.
2. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott.
3. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ef fasteignasala er rekin af félagi skulu raunverulegir eigendur og sá eða þeir sem fara í raun með framkvæmdastjórn fullnægja skilyrði a-liðar 1. mgr. 3. gr., vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eða lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
4. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.
5. 3. mgr. orðast svo:
   Hvort sem fasteignasala er rekin í nafni félags eða fasteignasala skal á hverri starfsstöð starfa einn fasteignasali sem veitir henni forstöðu. Sami fasteignasali getur ekki veitt nema einni starfsstöð faglega forstöðu. Þótt fasteignasala sé rekin í nafni félags ber hver sá fasteignasali sem hjá því starfar óskipta ábyrgð á tjóni og kostnaði sem hann, eða sá sem starfar fyrir félagið, kann að valda viðskiptamönnum fasteignasölunnar. Þeir sem starfa í þjónustu félagsins skulu einnig falla undir ábyrgðartryggingu fasteignasala, sbr. 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 6. gr.
6. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.
7. 3. málsl. 4. mgr. orðast svo:
   Fasteignasali, eða félag sem rekur fasteignasölu, sem hyggst opna starfsstöð skal tilkynna eftirlitsnefnd og sýslumanni um stofnun starfsstöðvarinnar og um tilhögun á rekstri hennar, m.a. hver sé faglegur forstöðumaður og ábyrgðarmaður skv. 34. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti o.fl.
8. 5. fellur brott.
9. 6. mgr. orðast svo:
   Leggja skal fram gögn um raunverulegt eignarhald á fasteignasölu sem rekin er í félagi ef eftirlitsnefnd fasteignasala krefst þess.
10. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Félög um fasteignasölu. Starfsstöð fasteignasala o.fl.*

8. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist: Við gerð samnings skal fasteignasali gæta að skyldum samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. um framkvæmd áreiðanleikakönnunar og könnun á raunverulegum eiganda eftir því sem við á.

9. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um félög sem stunda fasteignasölu og eigendur þeirra, þ.m.t. raunverulega eigendur og fyrirsvarsmenn, sbr. 2. mgr. 7. gr., þótt viðkomandi séu ekki fasteignasalar.

10. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nú er fasteignasala rekin í nafni félags og skal þá sá fasteignasali sem veitir starfsstöð faglega forstöðu bera þær skyldu sem kveðið er á um í þessari grein.

11. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Ef eftirlitsnefnd fasteignasala berast upplýsingar um að maður sem hefur ekki fengið löggildingu til fasteignasölu stundi slíka starfsemi, sjálfstætt eða í félagi, eða að fasteignasali fullnægi ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali en starfi þó áfram sem slíkur, skal hún með atbeina lögreglu loka viðkomandi starfsstöð eða starfssemi þegar í stað.

VI. KAFLI
Breyting á lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, með síðari breytingum.

12. gr.

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XVI. kafli, Frjáls uppboð, með einni grein, 99. gr. ásamt fyrirsögn og breytist röð annarra kafla og greina samkvæmt því:

a. (99. gr.)

Uppboð.

Sá sem ber ábyrgð á uppboði á lausafé er nefndur uppboðsstjóri.

Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

Uppboðsstjóri skal kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir áður en uppboð hefst.

Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum, er leggjast ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, ásamt öðrum skilmálum sem uppboðsstjóra er skylt að geta og því hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Munir sem bjóða á upp skulu vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboðið, hvort sem er á uppboðsstað eða vera til sýnis með rafrænum hætti.

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

VII. KAFLI
Breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

13. gr.

1. málsl. 8. mgr. 25. gr. b laganna fellur brott.

VIII. KAFLI
Brottfall laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, með síðari breytingum.

14. gr.

Lögin falla brott.

IX. KAFLI

Brottfall laga um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, nr. 27/1981, með síðari breytingum.

15. gr.

Lögin falla brott.

X. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

16. gr.

23. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

X1. KAFLI

Gildistaka.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Frumvarpið er liður í aðgerðaráætlun ráðuneytisins um einföldun regluverks á málefnasviði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sem ætlað er að einfalda starfsumhverfi atvinnulífsins sem kostur er og taka til endurskoðunar og eftir atvikum fella brott úrelt lagaákvæði og óþarfa leyfisveitingar. Með frumvarpinu er framhaldið þeirri vinnu sem hafin var með frumvarpi ráðherra um breytingu á ýmsum lögum varðandi leyfisveitingar sem varð að lögum nr. 19/2020 á 150. löggjafarþingi.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis kemur fram að ríkisstjórnin leggi áherslu á að stjórnsýslan sé skilvirk og réttlát og að átak verði gert í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings. Í því skyni hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sett sér aðgerðaráætlun um einföldun regluverks á málefnasviði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Frumvarp þetta er annar áfangi í aðgerðaáætlun ráðuneytisins á málefnasviði ráðherra og gert er ráð fyrir þriðja áfanga aðgerðaáætlunarinnar á vorþingi 2021.

Stjórnvöld á hverju sviði bera ábyrgð á því að það regluverk sem gildir um atvinnustarfsemi hér á landi sé til þess fallið að efla skilyrði fyrir virkri samkeppni á mörkuðum þar sem henni verður komið við og að gæta þess að regluverkið feli ekki í sér óþarfa reglubyrði eða aðgangshindranir að mörkuðum. Að efla skilyrði virkrar samkeppni skilar sér í auknu samkeppnislegu aðhaldi gagnvart fyrirtækjum á markaði, dregur úr kostnaði og leiðir til hagræðis, leiðir til lægra verðs til neytenda og aukinnar framleiðni og fjárfestingar í atvinnulífinu. Framangreind atriði leiða almennt til aukinna lífsgæða almennings og fleiri starfa.

Á síðustu misserum hefur Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) unnið að gerð samkeppnismats á lögum og reglum sem gilda um byggingariðnað og ferðaþjónustu samkvæmt samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Niðurstaða verkefnisins var kynnt í skýrslu nýlega. Þar kom fram að reglubyrði atvinnustarfsemi hér á landi er töluvert meiri en í þeim löndum sem við berum okkur alla jafna saman við og aðgangshindranir á

markaði víða til staðar. Er það til þess fallið að draga úr skilyrðum fyrir virkri samkeppni, auka kostnað í rekstri fyrirtækja og draga úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs í alþjóðlegum samanburði. Það er mikilvægt að stjórnvöld gæti þess að lög og reglur sem gilda um atvinnustarfsemi í landinu séu til þess fallnar að styðja við framþróun þess og hamli því ekki með óþarflegum hætti umfram það sem nauðsynlegt er með tilliti til mikilvægra almannahagsmuna hverju sinni. Leggja þarf ítarlegt mat á þá almannahagsmuni sem liggja til grundvallar reglusetningu atvinnulífsins enda geta slík sjónarmið breyst og úrelst með tímanum og önnur orðið meira ráðandi á einstökum sviðum. Stjórnvöld þurfa þannig að gæta þess að þróun regluverksins sé í samræmi við þarfir atvinnulífsins og samfélagsins í heild og forðast þess að leggja óþarfa reglubyrði á atvinnulífið. Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem eru til samræmis við þá vinnu sem unnin hefur verið af OECD og miðar að því að fella niður óþarfa leyfisveitingar, draga úr aðgangshindrunum að mörkuðum og efla umhverfi virkrar samkeppni.

3. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist efnislega í tíu kafla þar sem lagðar eru til breytingar á lögum um bókhald, nr. 145/1994, lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, nr. 34/1944, lögum um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015, lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, höfundalögum nr. 73/1972, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, og brottfall laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998 og laga um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga, nr. 27/1981.

3.1 Viðurkenning bókara skv. lögum um bókhald, nr. 145/1994.

Með frumvarpinu er lagt til að próf til viðurkenningar bókara sem ráðherra veitir verði aflögð. Upphaflegt markmið með viðurkenningu bókara var að auka gæði reikningsskila og skattframtala með aukinni þekkingu bókara á þeim sviðum. Sú leið var þá farin að fela ráðherra að standa fyrir námskeiði og prófi til viðurkenningar bókara. Viðurkenning bókara var tekin upp með lögum nr. 29/1997, um breytingu á lögum um bókhald, nr. 145/1994, og var verkefnið í fjármálaráðuneytinu fyrst um sinn en síðan fært til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Nú er svo komið að nám bókara er orðið viðurkennt í atvinnulífinu sem mikilvægur hlekkur í keðju reikningsskila og er því ekki lengur talin þörf á að ráðherra hlutist til um að veita þessa viðurkenningu og standa fyrir sérstökum prófum. Fyrsta skrefið í þessu ferli var tekið með lagabreytingu árið 2011 þegar felld var brott skylda ráðherra til að hlutast til um að námskeið yrðu haldin. Talið er tímabært að taka næsta skref og er lagt til að viðurkenningu ráðherra verði hætt og lögverndun starfsheitisins því aflögð.

Lagt er til að þeim sem hafa lokið hluta prófa til viðurkenningar bókara, en um þrjú próf er að ræða, við gildistöku laganna verði gert kleift að ljúka þeim prófum sem ólokið er. Er því gert ráð fyrir því að próf verði haldin á árunum 2021 og 2022 ef þörf verður á, fyrir þá sem óska eftir að klára próf til viðurkenningar bókara sem þeir hafa nú þegar hafið og að prófnefnd muni ljúka störfum eigi síðar en 1. janúar 2023.

3.2 Niðurlagning Tryggingadeildar útflutningslána.

Lagt er til að II. kafli laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, falli brott. Kaflinn felur í sér lagagrundvöll fyrir rekstri Tryggingadeildar útflutningslána sem þó hefur ekki verið virk um langt árabil. Upphaflega var Tryggingardeild útflutningslána deild við Ríkisábyrgðasjóð, sbr. lög nr. 60/1970. Með lögum nr. 61/1997 var deildin færð til

Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins við stofnun hans. Tilgangur hennar hefur í fyrsta lagi verið að tryggja lán sem lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum. Í öðru lagi að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum. Í þriðja lagi að selja ábyrgðir fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis. Einnig að tryggja verkábyrgðir innlendra aðila vegna framkvæmda sem fara að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gera opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu. Í fjórða lagi að tryggja fjárfestingar innlendra fjárfesta erlendis vegna stjórnmálalegrar áhættu. Í fimmta lagi að tryggja búnað sem innlendir aðilar flytja á erlenda grund í tengslum við verkefni þar vegna stjórnmálalegrar áhættu. Með stjórn deildarinnar fer sérstök stjórnarnefnd sem í eiga sæti fimm menn.

Starfsemi Tryggingardeildar útflutningslána hefur að mestu leyti legið niðri síðan hún varð fyrir verulegu tapi vegna ábyrgða á árunum 2002 til 2003. Ríkisábyrgðasjóður bætti Tryggingardeild útflutningslána tapið eins og lög nr. 61/1997 kveða á um en það var yfir 400 m.kr. á árunum 2002 til 2007.

Veiting útflutningsábyrgða er ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Ríkisaðstoð er til þess fallin að draga úr samkeppni og veikja rekstrargrundvöll fyrirtækja sem ekki njóta ábyrgðar ríkissjóðs sem og þeirra sem njóta slíkrar aðstoðar til lengri tíma. Æskilegra er að aðstoða útflutningsfyrirtæki sem eru á viðkvæmu vaxtarstigi með gegnsærri hætti eins og styrkjum úr sjóðum sem hafa slíkt hlutverk og lágmarka afskipti hins opinbera af frjálsum markaði. Óæskilegt er að hafa tvöfalt kerfi ríkisábyrgða. Annars vegar Ríkisábyrgðasjóð, þar sem samþykki Alþingis þarf fyrir veitingu ábyrgða úr Ríkisábyrgðasjóði ásamt veðtryggingum, skráningu og sérstöku eftirliti með ábyrgðum. Hins vegar Tryggingardeild útflutningslána þar sem slíkt eftirlit og skilyrði um samþykki Alþingis og veðtryggingar er ekki fyrir hendi við veitingu útflutningsábyrgða. Er því lagt til að Tryggingadeild útflutningslána verði lögð niður og um ríkisábyrgðir hvers konar muni aðeins gilda lög um Ríkisábyrgðasjóð.

3.3 Brottfall leyfisveitingar Neytendastofu fyrir notkun þjóðfánans í skráðu vörumerki.

Í 12. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, nr. 34/1944, er kveðið um heimild aðila í atvinnurekstri til að nota þjóðfánann við markaðssetningu á vöru eða þjónustu sé vara eða starfsemi sú sem í hlut á íslensk og fánanum ekki óvirðing gerð. Í 4. mgr. 12. kemur fram að vara teljist íslensk ef hún er framleidd hér á landi úr innlendu hráefni, eða framleidd hér á landi úr innfluttu hráefni að hluta eða öllu leyti, enda hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis. Í 5. mgr. kemur fram að vara telst ekki vera íslensk ef hún er framleidd úr innfluttu hráefni sem telst vera einkennandi hluti vörunnar og er eðlislíkt búvöru, þ.m.t. afurðum eldisfiska, sem er ræktuð hér á landi, vöru sem er framleidd hér á landi á garðyrkjubýli, gróðrarstöð eða garðyrkjustöð, eða nytjastofnun sjávar sem veiddir eru af íslenskum skipum innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Í 6. mgr. kemur fram að hönnungarvara teljist íslensk ef hún er hönnuð af íslenskum aðila undir íslensku vörumerki þótt hún sé framleidd erlendis úr erlendu hráefni, enda sé ekki um að ræða hráefni sem er eðlislíkt innlendu hráefni sem telst hafa séríslenskan uppruna, einkenni eða eiginleika. Ekki er skilyrði um að hönnunarvara sé framleidd á Íslandi til að teljast íslensk en ef hún er framleidd erlendis skal framleiðsluland vörunnar koma fram. Þá kemur fram í 7. mgr. að hugverk teljist íslenskt ef það er samið eða skapað af íslenskum aðila. Ítarlega er því kveðið á um notkun fánans í markaðssetningu í 12. gr. laganna.

Hyggist aðili nota þjóðfánann í vörumerki er slík notkun háð leyfi Neytendastofu og getur viðkomandi aðili jafnframt skráð vörumerki sitt hjá Hugverkastofunni. Um skráningu vörumerkja og skilyrði þeirra er fjallað í lögum um vörumerki, nr. 45/1997. Neytendastofa fer jafnframt með eftirlit með almennri notkun þjóðfánans í markaðssetningu skv. 2. – 10. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944, sbr. 11. mgr. 12. gr. laganna. Um málsmeðferð Neytendastofu, úrræði og viðurlög vegna brota á tilgreinum ákvæðum um notkun þjóðfánans fer eftir lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. IX. kafla laganna. Þannig getur Neytendastofa bannað notkun þjóðfánans í skráðu eða óskráðu vörumerki ef notkun hans samrýmist ekki ákvæðum 2. – 10. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944.

Leyfisveiting Neytendastofu fyrir notkun þjóðfánans í skráðu vörumerki er þung í vöfum, tímafrek og kostnaðarsöm. Neytendastofa hefur eftirfarandi eftirlit með notkun þjóðfánans í markaðssetningu og Hugverkastofan tekur í skráningarferli vörumerkja afstöðu til þess hvort nýting þjóðfánans sé í samræmi við skilyrði fyrir skráningu vörumerkja. Þar kemur m.a. fram í 9. tölul. 1. mgr. 13. gr. vörumerkjalaga að ekki skuli skrá í vörumerkjaskrá vörumerki sem fela í sér skjaldarmerki eða önnur ríkistákn, fána eða merki sveitarfélaga. Þetta ákvæði hefur verið túlkað svo að það taki til vörumerkja þar sem ljóst sé að um fánann sé að ræða en ef vörumerki felur aðeins í sér vísun til fánans, svo sem liti fánans eða fánann í óhefðbundnu formi, hefur Hugverkastofan samþykkt að skrá vörumerkið að fengnu leyfi Neytendastofu. Fyrirfram leyfisveiting er því óþörf enda eftirlitsákvæði til staðar sem tryggja rétta notkun þjóðfánans í vörumerki. Með því að fella leyfisveitingu niður mun Hugverkastofan meta umsókn um vörumerki sem innihalda eða fela í sér þjóðfánann út frá þeirri löggjöf sem um vörumerki gilda og verði vörumerki skráð sem felur í sér fánann fer Neytendastofa með eftirlit með því hvort skilyrði laga nr. 34/1944 um leyfilega notkun fánans séu uppfyllt.

3.4 Breyting á lögum um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015. Í fyrsta lagi er lagt til að fellt verði brott skilyrði um að fasteignasali skuli eiga með beinum hætti meiri hluta í félagi sem stundar fasteignasölu. Í skýrslu OECD um samkeppnismat á regluverki byggingariðnaðar og ferðaþjónustu er lagt til að þetta skilyrði verði fellt brott enda til þess fallið að draga úr samkeppni með því að draga úr fjárfestingu í greininni og koma í veg fyrir mögulegar nýskapandi lausnir í rekstri félaga í fasteignasölu. Þannig geti aukin aðkoma annarra en fasteignasala að rekstri félaga sem stunda fasteignasölu opnað möguleika á ólíkum rekstrarformum sem geti leitt til lægri verða til neytenda og þannig aukið samkeppni. Eftir sem áður munu aðeins löggiltir fasteignasalar hafa heimild til milligöngu við sölu fasteigna og skipa og eftir atvikum nemar á þeirra ábyrgð. Sú breyting sem lögð er til hér lýtur því aðeins að eignarhaldi og rekstri félaga sem stunda fasteignasölu.

Í skýrslu OECD kemur fram að skilyrði um eignarhald séu ekki skilvirk leið til að gæta neytendaverndar eða hagsmunaárekstra og unnið hefur verið að því í nágrannalöndum okkar að afnema slík skilyrði í lögum. Sem dæmi má vísa til þess að í Bretlandi hefur sambærileg krafa um eignarhald lögmanna á lögmannsstofum verið fellt brott á þeim grundvelli að aukið frelsi í rekstrarformi muni auka aðgengi almennings að lögmönnum og ýta undir nýsköpun í þjónustuframboði. Þá eru ekki sambærileg skilyrði um eignarhald fasteignasala á félögum sem stunda fasteignasölu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í skýrslu OECD kemur fram að betri leið til að ná fram neytendavernd í fasteignaviðskiptum sé skilvirkt eftirliti með störfum fasteignasala og með eftirliti á sviði neytendaréttar. Í Noregi þarf að starfa á hverri starfsstöð aðili sem veitir starfsstöðinni faglega forstöðu og getur það verið hvort sem er fasteignasali eða lögmaður. Sami aðili getur fengið leyfi til að veita fleiri en einu félagi eða starfsstöðvum

faglega forstöðu. Í frumvarpinu er lagt til líta til þessarar fyrirmyndar í Noregi þannig að á hverri starfsstöð skuli vera faglegur forstöðumaður sem skuli vera löggiltur fasteignasali. Í ljósi þeirra breytinga sem urðu á heimildum lögmanna til að hafa milligöngu um sölu fasteigna með lögum nr. 70/2015 er ekki lagt til að lögmenn geti veitt fasteignasölu faglega forstöðu. Í faglegri forstöðu felst fyrst og fremst að gæta að því að starfsemi starfsstöðvarinnar sé í samræmi við lög og reglur og góða viðskiptahætti í fasteignasölu en einnig getur faglegur forstöðumaður verið skráður fyrir ábyrgðartryggingu og vörslufjárreikningi sem aðrir fasteignasalar á viðkomandi starfsstöð geta fallið undir. Þar sem á hverri starfsstöð fasteignasölu þarf að starfa a.m.k. einn löggiltur fasteignasali er sú breyting sem hér er lögð til ekki til þess fallin að auka skyldur fasteignasala frá því sem nú er en ábyrgð verður skýrari samhliða því að skilyrði um eignarhald, sem ekki finnast í samanburðarlöndum, eru felld brott.

Einnig eru lagðar til breytingar sem ætlað er að styrkja framkvæmd laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, sbr. einnig lög um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019. Fasteignasalar eru tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögum nr. 140/2018 og bera því skyldur eftir því sem kveðið er á um í lögunum. Í fyrsta lagi er lagt til að eftirlitsnefnd fasteignasala geti krafið fasteignasölu um upplýsingar um raunverulega eigendur félags sem stundar fasteignasölu. Í öðru lagi er lagt til að við gerð samnings um þjónustu fasteignasala sem fjallað er um í 9. gr. laga um sölu fasteigna og skipa komi áréttting á skyldum fasteignasala samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. um framkvæmd áreiðanleikakönnunar og könnun á raunverulegum eiganda eftir því sem við á.

Loks er lögð til breyting á orðalagi 25. gr. laga um sölu fasteigna og skipa en í ákvæðinu er kveðið á um að ef eftirlitsnefnd fasteignasala berast upplýsingar um að maður sem hefur ekki fengið löggildingu til fasteignasölu stundi slíka starfsemi eða að fasteignasali fullnægi ekki lögmæltum skilyrðum til löggildingar en starfi þó áfram sem slíkur, sé nefndinni heimilt að óska þess við sýslumann að starfsstöð viðkomandi verði lokað þegar í stað. Líkt og ákvæðið er orðað er ljóst að sýslumaður, sem er hliðsett stjórnvald við eftirlitsnefnd fasteignasala, er ekki skyldugur til að framkvæma ósk eftirlitsnefndarinnar. Í áliti umboðsmanns Alþingis nr. 9446/2017 kemur fram að ósk eftirlitsnefndar til sýslumanns um lokun starfsstöðvar sé ekki stjórnvaldsákvörðun og afstaða sýslumanns er heldur ekki í formi stjórnvaldsákvörðunar. Ljóst er því að réttaröryggi þeirra sem taldir eru starfa án löggildingar er ekki fyllilega tryggt og þá er málsmeðferð ákvæðisins mjög óheppileg sem felst í því að eftirlitsstjórnvald þarf í raun að bera ákvörðun sína undir hliðsett stjórnvald. Er því lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt til samræmis við 4. mgr. 22. gr. laga um sölu fasteigna og skipa, en þar kemur fram að telji eftirlitsnefnd að hætta sé á að aðili stundi milligöngu um sölu fasteigna sem sviptur hefur verið löggildingu ótímabundið skuli eftirlitsnefndin með atbeina lögreglu loka starfsstöð hans. Rétt er að málsmeðferð um lokun starfsstöðva þar sem stunduð er fasteignasala án löggildingar sé með samræmdum hætti.

3.5 Frjáls uppboð skv. lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998.

Í V. kafla laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, er kveðið á um frjáls uppboð sem lagt er nú til að verði endurskoðuð og það sem eftir standi af þeim færð í lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000. Í lögum um verslunaratvinnu er kveðið á um að þeir sem hafi skráðan verslunarrekstur sé heimilt að selja lausafjármuni á frjálsu uppboði og er þar jafnframt gerð krafa um leyfi sýslumanns fyrir slíkum frjálsum uppboðum fari þau fram utan fastrar starfsstöðvar. Þessi krafa um leyfi sýslumanns á rætur að rekja til frumvarps til laganna frá 1998 þar sem lögreglustjórar í því umdæmi þar sem uppboð skyldi haldið utan fastrar

starfsstöðvar veittu leyfi til þess, með vísan til almannareglu. Sérstakar reglur giltu og gilda hins vegar enn um uppboð á listmunum.

Frjáls uppboð eru í dag orðin sjaldgæf og felast helst í uppboði lögreglu á óskilamunum, uppboði tryggingafélaga á tjónuðum ökutækjum og uppboðum félagasamtaka í fjáröflunarskyni. Önnur uppboð sem fram fara í dag eru nauðungaruppboð sem fram fara á grundvelli sérlaga sem og uppboð á listmunum en um slík uppboð verður fjallað nánar hér fyrir neðan. Þá hefur rannsókn ráðuneytisins leitt í ljós að sýslumenn hafa ekki gefið út leyfi til frjálsra uppboða í nokkur ár og að ekki hafi markvisst verið gengið eftir því að sótt sé um slík leyfi. Þegar af þessari ástæðu og í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á löggjöf og í atvinnulífinu, telur ráðuneytið að rétt sé að fella brott hluta af þeim ákvæðum laga um verslunaratvinnu sem varða frjáls uppboð og leyfi til slíks. Þó mun hluti ákvæða verða flutt yfir í lög um lausafjárkaup og er þar um að ræða efnisákvæði sem segja til um hvernig uppboð á lausafjármunum skuli fara fram. Ekki þótti rétt að afnema með öllu lagakröfur og efniskröfur til slíkra uppboð þar sem uppboðin fara enn fram þó í litlum mæli sé. Séu listmunir seldir á uppboði fer um greiðslu fylgiréttargjalds samkvæmt ákvæðum höfundalaga, m.a. um skyldu seljenda, kaupenda og miðlara til að standa á sex mánaða fresti skil á skilagrein til Myndstefs vegna endursölu listmuna, sbr. umfjöllun hér neðar.

3.6 Fylgiréttargjald skv. lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998..

Á grundvelli 23. gr. og 23. gr. a laga um verslunaratvinnu nr. 28/1998 ber þeim sem selja listmuni á uppboði að innheimta svokallað fylgiréttargjald. Um fylgiréttargjald þetta er einnig kveðið í höfundalögum, 25. gr. b, en tilgreint að þar undir falli ekki sala listmuna á uppboði.

Fylgiréttargjald var fyrst tekið upp með lögum um listmunauppboð, nr. 36/1987, áður en slík ákvæði komu í höfundalög. Þegar ákvæði um fylgiréttargjald var síðan tekið upp í höfundalög, sbr. 10. gr. laga nr. 57/1992, voru listmunauppboð enn leyfisskyld og m.a. þess vegna talið rétt að ákvæði um fylgiréttargjald í höfundalögum tækju ekki til þeirra. Núgildandi ákvæði um fylgiréttargjald í höfundalögum voru lögfest með lögum nr. 97/2006. Rök fyrir fylgiréttargjaldi eru þau að rétt sé að höfundar listaverka fái hlutdeild í þeim hagnaði sem verður vegna hækkandi verðgildis myndlistarverka á markaði. Taka má fram að við upptöku fylgiréttargjalds á sínum tíma var felldur niður 24,5% söluskattur, sbr. 3. gr. laga nr. 36/1987, en síðar 22% virðisaukaskattur vegna sölu á listmunauppboðum, sjá 4. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 119/1989. Þetta hefur átt að tryggja að verð til kaupandans hækkaði ekki þótt til fylgiréttargjaldsins hafi komið og gott betur. Ákvæði beggja laga, þ.e. laga um verslunaratvinnu og höfundalaga, um upphæð fylgiréttargjalds eru byggð á tilskipun 2001/84/EB um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt). Hins vegar er ljóst að ákvæði höfundalaga og laga um verslunaratvinnu eru að ýmsu leyti mismunandi, ekki bara að því er varðar framfylgd og viðurlög heldur líka að efnisrétti, t.d. er fylgiréttargjald skv. lögum um verslunaratvinnu ótakmarkað í tíma á meðan fylgiréttargjald skv. höfundalögum er bundið við lengd verndar viðkomandi verks. Ekki er heldur greint á milli fyrstu sölu og endursölu listaverka í lögum um verslunaratvinnu. Myndstef skal annast innheimtu fylgiréttargjalda og sér um að koma þeim í hendur viðeigandi höfunda, sbr. 5. mgr. 26. gr. b höfundalaga og 7. mgr. 23. gr. laga um verslunaratvinnu.

Ekki þykja vera til staðar rök fyrir því að hafa á tveimur stöðum lagaákvæði um álagningu og innheimtu fylgiréttargjalds ásamt því að forsendur gjaldsins eru ólíkar eftir því hvort listaverk er selt beinni sölu eða á uppboði. Ljóst er jafnframt að þessi mismunur sem er á efnisreglum um gjaldið er ekki ákjósanlegur og rétt þykir að einfalda þetta regluverk.

Myndstef, höfundaréttarsamtök höfunda sjónlista, hafa jafnframt kallað eftir skoðun á málefnum fylgiréttar þannig að auka mætti skýrleika og einfalda eftirfylgni með fylgiréttargjaldi. Helstu kröfur þeirra eru að sala listmuna sé háð leyfi sem hægt væri að svipta aðila ef ákvæði um fylgiréttargjöld væru brotin og að samræma þyrfti betur refsiákvæði um fylgiréttargjöld í höfundalögum og lögum um verslunaratvinnu. Stefna ríkisstjórnar um einföldun regluverks leiðir hins vegar til þess að ekki er hér lagt til að sala listmuna verði háð sérstöku leyfi en að öðru leyti heyrir málaflokkur höfundaréttar undir mennta- og menningarmálaráðuneytið sem fer með stefnumótun varðandi innheimtu fylgiréttargjalds.

Óháð stöðu varðandi leyfisveitingar til listmunasölu, er það til mikillar einföldunar að ákvæði um fylgiréttargjald verði á aðeins einum stað í lögum. Eðlilegt þykir að slík ákvæði sé að finna í höfundalögum og er það í samræmi við framkvæmd á öðrum Norðurlöndum. Af þessari breytingu leiðir að skylt verður að greiða fylgiréttargjald vegna sölu listaverka á uppboðum samkvæmt höfundalögum eins og á við sölu listaverka með öðrum hætti. Við þessa breytingu munu ekki lengur gilda sérreglur um fylgiréttargjald vegna sölu listaverka á uppboðum þannig að ekki er lengur hægt að krefja um fylgiréttargjald af fyrstu sölu verks og ekki heldur hægt að krefjast fylgiréttargjalds vegna sölu verks sem fallið er úr höfundarétti. Þær sérreglur sem nú munu leggjast af eru ekki í samræmi við þau rök sem færð er fyrir fylgiréttargjaldi og ekki heldur í samræmi við tilskipun 2001/84/EB um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

3.7 Brottfall laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998 og laga um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, nr. 27/1981.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu varðandi fylgiréttargjald og frjáls uppboð leiðir að rétt er að leggja til brottfall laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Með lögum nr. 19/2020, um breytingu á lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, var löggilding fyrir sölu notaðra ökutækja afnumin. Hins vegar voru ákveðnar efnisreglur sem taka til háttsemi þeirra sem í atvinnuskyni stunda milligöngu um sölu notaðra ökutækja eða selja í atvinnuskyni eigin notuð ökutæki ekki felld brott. Viðkomandi reglur varða aðallega skyldur bifreiðasala í tengslum við samningsgerð, skyldu þeirra til að skila eigendaskiptaskráningum og um upplýsingaskyldu þeirra en á þeim grundvelli hefur einnig verið sett reglugerð um upplýsingaskyldu í viðskiptum með notuð ökutæki, nr. 44/2003. Lagt er til að þessar sérreglur verði felldar brott enda fellur upplýsingamiðlun þeirra sem selja notuð ökutæki í atvinnuskyni eða stunda milligöngu um sölu þeirra og háttsemi að öðru leyti undir lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, og fellur þar með undir eftirlit Neytendastofu. Þá eru sum þeirra ákvæða sem nú gilda um bifreiðasala úrelt og óþörf í ljósi breytinga sem orðið hafa á viðskiptum með notuð ökutæki og þróun í neytendavernd. Á grundvelli 18. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði og geta fyrirmælin falið í sér skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skuli mæld, vegin og flokkuð. Þá getur Neytendastofa á grundvelli 1. mgr. 21. gr. c laganna gefið út leiðbeinandi reglur um góða viðskiptahætti á afmörkuðum sviðum viðskipta sem talin eru mikilvæg fyrir hagsmuni neytenda og skuli stofnunin við þá vinnu ráðgast við hlutaðeigandi samtök neytenda og fyrirtækja áður en slíkar reglur eru settar. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun Neytendastofa taka til skoðunar hvort rétt sé að setja reglur um upplýsingaskyldu seljenda notaðra ökutækja á grundvelli 18. gr. eða 1. mgr. 21. gr. c laga nr. 57/2005.

Menntun og stafsheiti viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur fest sig í sessi og er sú menntun nú kennd í fleiri háskólum hérlendis sem og erlendis en áður fyrr. Með alþjóðlegum og evrópskum stöðlum er auðveldara að bera saman nám erlendis við nám hérlendis. Auk þess veitir lögverndun starfsheita viðskiptafræðinga og hagfræðinga ekki réttindi umfram það að geta kallað sig viðskiptafræðing eða hagfræðing og því þykir rétt að leggja til brottfall laganna. Vísast um það einnig til skýrslu OECD um samkeppnismat á regluverki byggingariðnaðar og ferðaþjónustu þar sem fram kemur að lögverndun starfsheita sé ein tegund samkeppnishindrunar á viðkomandi sviðum. Þó lögverndun starfsheitis sé vægari leið en aðrar, svo sem lögverndun viðkomandi starfs og einkaréttur til tiltekinna starfa, er þrátt fyrir það um óþarfa samkeppnishindrun að ræða sem rétt er að fella úr gildi.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem eru til þess fallnar að einfalda lög og reglur og stjórnsýsluframkvæmd til hagsbóta fyrir atvinnulífið og stjórnvöld. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að ákveðnar leyfisveitingar fyrir tiltekinni atvinnustarfsemi verði felldar brott enda ekki taldar þjóna málefnalegum tilgangi og að ná megi fram viðunandi eftirliti á framkvæmd laga með öðrum og minna íþyngjandi hætti. Í 75. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósi en því frelsi megi þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess. Líkt og áður sagði er það mat ráðuneytisins nú að ekki séu málefnaleg rök byggð á sjónarmiðum um almannahagsmuni sem réttlæti það að atvinnufrelsi sé skert í þeim tilfellum.

Ákvæði frumvarpsins gáfu ekki sérstakt tilefni til mats á samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

[…]

6. Mat á áhrifum.

[…]

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 43. gr. laga um bókhald falli brott en í 43. gr. laganna er kveðið á um lögverndun starfsheitis viðurkenndra bókara, um skilyrði þess, próf og prófnefnd.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til bráðabirgðaákvæði við lög um bókhald þess efnis að þeim sem hafa við gildistöku laganna lokið hluta prófs til viðurkenningar bókara verði gert kleift að ljúka prófum á næstu tveimur árum. Er því lagt til að ný prófnefnd verði skipuð við gildistöku laganna sem starfa muni næstu tvö ár.

Um 3. og 4. gr.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði er varða Tryggingadeild útflutningslána verði felld brott úr lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að 8. og 9. mgr. 12. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, nr. 34/1944, falli brott en í ákvæðinu er kveðið á um leyfisveitingu Neytendastofu fyrir notkun þjóðfánans í skráðu vörumerki. Um skilyrði fyrir notkun þjóðfánans í skráðu vörumerki fer skv. vörumerkjalögum og Neytendastofa hefur almennt eftirlit með notkun þjóðfánans í markaðssetningu á grundvelli 2. – 10. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að 9. tölul. 1 .mgr. 32. gr. vörumerkjalaga falli brott en samkvæmt honum er Hugverkastofu heimilt að afmá vörumerki samkvæmt kröfu þess ráðuneytis sem fer með málefni þjóðfána Íslands ef skráð hefur verið af misgáningi vörumerki þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar. Með vísan til 5. gr. frumvarpsins og áætlaðs brottfalls leyfisveitinga Neytendastofu fyrir notkun fána í vörumerkjum þykir rétt að fella ákvæði þetta brott. Enn fremur er ljóst að ákvæðið kom upprunalega inn í vörumerkjalög árið 1998 með lögum 67/1998 á þeim tíma sem krafist var leyfis forsætisráðuneytis fyrir allri notkun fánans í vörumerkjum og tók ekki samsvarandi breytingum þegar heimild til að nota fánann í vörumerki var útvíkkuð og leyfisveiting færð til Neytendastofu. Þykir því rétt að fella ákvæði þetta brott.

Um 7. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að skilyrði um eignarhald fasteignasala á meiri hluta í félagi þar sem stunduð er fasteignasala verið afnumin. Skyldur fasteignasala standa að öllu öðru leyti óbreyttar og öðrum ekki heimilt að hafa milligöngu um sölu fasteigna og skipa en þeim sem hlotið hafa löggildingu til þess. Í ljósi tilgangs félagsins er hins vegar rétt að gerðar séu sambærilegar kröfur til eigenda og til löggiltra fasteignasala að þeir skuli vera lögráða og fjárráða og hafa ekki á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur gerst brotlegir við nánar tilgreind lög. Að norskri fyrirmynd er jafnframt lagt til að á hverri starfsstöð verði starfandi faglegur forsvarsmaður sem sé löggiltur fasteignasali. Eðli málsins samkvæmt verður félag um fasteignasölu ekki rekið nema hjá því starfi a.m.k. einn löggiltur fasteignasali. Sé fasteignasali eða félag um fasteignasölu með fleiri fasteignasala í vinnu skulu þeir einnig falla undir ábyrgðartryggingu þess fasteignasala sem er faglegur forsvarsmaður, séu þeir ekki með ábyrgðatryggingu sjálfir. Sá fasteignasali mun einnig bera þær skyldur sem kveðið er á um í 17. gr. laganna um skyldu fasteignasala til að varðveita fé viðskiptavina sinna á sérstökum vörslufjárreikningi, en algengt er að vörslufjárreikningar á fasteignasölum sameiginlegir með þeim fasteignasölum sem þar eru starfandi. Sú framkvæmd sem viðhöfð hefur verið ætti því að geta haldið áfram að mestu óbreytt er skerpt er á ábyrgð forstöðumanna.

Loks er lagt til að sé fasteignasala rekin í félagi sé félaginu skylt að veita upplýsingar um raunverulegt eignarhald sé þess óskað.

Um 8. gr.

Með ákvæðinu er hnykkt á skyldum fasteignasala samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, sem rétt þykir að árétta sérstaklega í lögum um sölu fasteigna og skipa, enda er vel þekkt að fasteignaviðskipti eru sérstaklega útsett fyrir peningaþvætti. Í greininni felst einungis áréttíng á umræddum lagaskyldum þeirra sem annast milligöngu um sölu og kaup fasteigna og vísast um inntak umræddra skyldna til nánari ákvæða laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um sjálfstæði og óhæði fasteignasala í störfum sínum taki einnig til félaga sem stunda fasteignasölu, eigenda þeirra og fyrirsvarsmanna. Ákvæði 14. gr. laganna er ætlað að tryggja að hagsmunaárekstrar milli hagsmuna viðskiptamanna fasteignasala og fasteignasalans sjálfs, félags um rekstur fasteignasölu eða starfsmanna þess verði ekki í störfum fasteignasala.

Um 10. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 17. gr. laganna sem leiðir af þessi breytingu sem lögð er til að afnema skilyrði um eignarhald fasteignasala á félögum sem stunda fasteignasölu. Í greininni er kveðið á um að skylda til að halda vörslufjárreikninga hvílir á þeim fasteignasala sem veitir starfsstöð faglega forstöðu sé fasteignasala rekin í nafni félags.

Um 11. gr.

Í greininni er lögð til orðalagsbreyting á 25. gr. laga um sölu fasteigna og skipa sem varðar heimildir eftirlitsnefndar fasteignasala til að loka starfsstöð eða starfsemi þar sem stunduð er milliganga um sölu fasteigna og skipan án þess að sá sem stundar þá milligöngu hafi hlotið til þess löggildingu sýslumanns. Rétt þykir að samræma orðalag ákvæðisins við 4. mgr. 22. gr. laganna sem tekur til lokunar eftirlitsnefndar fasteignasala á starfsstöð aðila sem sviptur hefur verið löggildingu ótímabundið en nefndin telur að hætta sé að hann hafi þrátt fyrir það milligöngu um fasteignaviðskipti.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að tiltekin ákvæði um frjáls uppboð verði færð í lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000. Lagt er til að ákvæði 20. gr. laga um verslunaratvinnu í heild sinni og 4. – 7. mgr. 22. gr. verði felld brott. Í 20. gr. nefndra laga er kveðið á um heimild til að halda frjálst uppboð á starfsstöð og krafa gerð um leyfi sýslumanns ef uppboð skal halda utan starfsstöðvar. Til samræmis við umfjöllun fyrr í greinargerðinni, um að ekki hafi verið gefið út slíkt leyfi síðustu árin, er lagt til að kröfur þessar verði felldar brott. Þá er jafnframt lagt til að fella brott ákvæði 23. gr. sem kveður á um leyfi sýslumanns til að halda lokuð uppboð í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu, m.a. íþróttastarfsemi. Þessi tegund leyfa, þ.e. leyfi fyrir lokað uppboð, hefur heldur ekki verið gefin út af hálfu sýslumanna frá árinu 2014 og er því lagt til að leyfisskylda þessi skuli einnig falla brott. Um skyldu seljenda, kaupenda og miðlara til að standa skil á skilagrein og fylgiréttargjaldi til Myndstefs fer samkvæmt ákvæðum höfundalaga.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að felldur verði brott fyrri málsliður 8. mgr. 25. gr. b í höfundalögum nr. 73/1972 en hann er svohljóðandi: *Ákvæði þessarar greinar taka ekki til listaverka sem seld eru á listmunauppboðum, en um gjaldtöku í þeim tilvikum gilda sérákvæði laga um verslunaratvinnu.*

Eins og fram kom ofar í greinargerðinni er kveðið á um innheimtu fylgiréttargjalds bæði í lögum um verslunaratvinnu og í höfundalögum. Ákvæði beggja laga eru byggð á tilskipun 2001/84/EB um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt). Hins vegar er ljóst að ákvæði höfundalaga og laga um verslunaratvinnu eru að ýmsu leyti mismunandi, ekki bara að því er varðar framfylgd og viðurlög heldur líka að efnisrétti, t.d. er fylgiréttargjald skv. lögum um verslunaratvinnu ótakmarkað í tíma á meðan fylgiréttargjald

skv. höfundalögum er bundið við lengd verndar viðkomandi verks. Ekki er heldur greint á milli fyrstu sölu og endursölu listaverka í lögum um verslunaratvinnu. Eins og áður segir hafa sýslumannsembættin ekki gefið út leyfi til frjálsra uppboða eða til listmunauppboða frá árinu 2014 og með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði 23. gr. og 23. gr. a falli brott samhliða niðurfellingu laganna í heild ásamt því að felldur er brott áðurnefndur málsliður í 25. gr. b höfundalaga sem vísar til sölu listamuna á uppboði á grundvelli laga um verslunaratvinnu. Verði frumvarp þetta að lögum, mun aðeins vera kveðið á um sölu listmuna og fylgiréttargjald á einum stað, í höfundalögum. Ekki þykja vera til staða rök fyrir því að hafa ákvæði á tveimur stöðum um álagningu og innheimtu fylgiréttargjalds ásamt því að forsendur gjaldsins eru ólíkar eftir því hvort listaverk er selt beinni sölu eða á uppboði.

Um 14. og 15. gr.

Með 12. og 13. gr. frumvarpsins er lagt til brottfall laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, og laga um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, nr. 27/1981. Vísast um það til umfjöllunar framar í greinargerðinni.

Um 16. gr.

Í IX. kafla frumvarpsins er lagt til að 23. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs falli brott. Í ákvæðinu kemur fram að fyrir útgáfu leyfa til viðskiptafræðinga og hagfræðinga skuli greiða 11.000 kr. gjald í ríkissjóð. Þar sem í frumvarpi þessu er lagt til að lög um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, nr. 27/1981, falli brott verður ekki lengur grundvöllur fyrir útgáfu þeirra leyfa sem lögin gera ráð fyrir og því ekki lengur grundvöllur gjaldtöku fyrir útgáfu þeirra. Er því lagt til að gjaldtökuliðurinn í lögum um aukatekjur ríkissjóðs falli brott.

Um 17. gr.

Gildistökuákvæði frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.